



Grein birt 21. maí 2012



Bryndís Valgarðsdóttir, Reynir Hjartarson
og Ingvar Sigurgeirsson

Að taka flugið

Þróunarstarf í Hlíðarskóla á Akureyri

Í þessari grein er sagt frá þróunarverkefni í Hlíðarskóla á Akureyri. Um tuttugu nemendur á grunnskólaaldri stunda nám í skólanum en hann er hugsaður sem skammtímaúrræði fyrir þá nemendur sem af einhverjum ástæðum aðlagast ekki starfinu í heimaskóla sínum. Kennsluhættir í skólanum hafa til skamms tíma að mestu verið hefðbundnir en áhersla lögð á mikla nánd og einstaklingsmiðun. Á síðasta ári var ákveðið að ráðast í umfangsmiklar breytingar á kennsluháttum sem ásamt fleiru miða að því að efla þátttöku nemenda með fjölbreyttum viðfangsefnum sem tengjast áhugasviðum þeirra. Í þessu felst að nemendur hafa val um viðfangsefni og engin skólavika er eins. Afar góð reynsla hefur fengist af þessari tilhögun og viðhorf nemenda, foreldra og starfsmanna til hennar eru mjög jákvæð.

Bryndís Valgarðsdóttir er skólastjóri Hlíðarskóla, Reynir Hjartarson er kennari við skólann og áfangastjóri hans. Ingvar Sigurgeirsson er prófessor við Kennaradeild Háskóla Íslands.

Inngangur

Hlíðarskóli sem er lítill skóli í Skjaldarvík rétt norðan við Akureyri er sérúrræði fyrir nemendur sem stríða við vanda sem gerir þeim erfitt að dafna, líða vel og stunda árangursríkt nám í almennum grunnskóla. Nefna má félags- og tilfinningaleg vandamál, hegðunar- og aðlögunarvanda, samskiptaröskun, vanda á einhverfurófinu, sértæka námserfiðleika og skerðingar af ýmsum toga. Skólinn er hugsaður sem tímabundið úrræði sem tekur við

Þegar reynt hefur verið til þrautar að mæta þörfum nemandans í heimaskóla. Algengt er að nemendur sækji Hlíðarskóla í eitt til þrjú ár, stundum lengur, stundum skemur.

Við skólann starfa fimm kennarar, tveir fjölskylduráðgjafar, þrjár uppeldisfulltrúar og einn matráður. Annar fjölskylduráðgjafi er félagsráðgjafi en hinn sálfræðingur. Skólastjóri er Bryndís Valgarðsdóttir sem er uppeldisfræðingur og kennari. Einn kennaranna er kallaður áfangastjóri en í því felst m.a. að hann sér um stundaskrár. Eins og kemur í ljós í þessari grein felst í því talsverð umsýsla, því ný stundatafla er gefin út í hverri viku, enda er lögð mikil áhersla á fjölbreytni í því þróunarstarfi sem sagt verður frá í greininni.

Skólinn er fyrir nemendur á grunnskólaaldri og er aldurssamsetningin mismunandi frá ári til árs. Á yfirstandandi skólaári er sá yngsti níu ára en sá elsti fimmtán. Drengir hafa verið í miklum meirihluta. Í vetur voru aðeins þrjár stúlkur í hópnum og þegar ein fór í annað úrræði og önnur aftur í sinn heimaskóla var ein eftir!

Skóladagurinn er samfelldur og nemendur eru keyrðir til og frá skóla. Þeir fá bæði staðgóðan morgun- og hádegisverð og allir starfsmenn og nemendur borða saman. Raunar er litið á þessa sameiginlegu matartíma sem lið í lífsleiknikennslu skólans.

Mikil áhersla er lögð á samstarf við foreldra og að styðja þá og styrkja í uppeldishlutverki sínu. Að mati starfsmanna skólans er grundvallaratriði að starfa með heildinni, þ.e. ekki dugi að vinna með nemandanum einum, heldur með allri fjölskyldunni svo raunverulegar breytingar verði til frambúðar. Í öllum tilvikum sækja foreldrar um skólavist fyrir börn sín og er þeirra þáttur í starfinu mjög mikilvægur.

Í starfinu er m.a. stuðst við atferlismótun, PMT¹ og einnig hefur verið byggt á ART hugmyndafræðinni, en ART stendur fyrir *Aggression Replacement Training*. Markmið þeirrar nálgunar er að efla félagsfærni og sjálfstjórn barna og þjálfar þau í að glíma við siðræn viðfangsefni.² Starfsmenn skólans hafa náið samstarf við Barna- og unglingsdeild Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri, skóla-, fötlunar- og barnaverndarteymi Fjölskyldudeildar Akureyrar og Heilsugæslustöð Akureyrar.

Meginhlutverk skólans er skilgreint með þessum hætti:

- Að vinna úr vanda nemenda í samvinnu við foreldra, heimaskóla og önnur úrræði eftir því sem við á þannig að þeir geti stundað nám í almennum grunnskóla sér til gagns og ánægju.
- Að endurskipuleggja nám og námsaðferðir og bjóða nemendum að ráða nokkru um framvindu námsins til að auka ábyrgð þeirra á eigin námi og líkurnar á því að þeir finni gleðina af eigin velgengni.
- Að veita foreldrum markvissa uppeldis- og foreldraráðgjöf.
- Að veita grunnskólum Akureyrar fræðslu og ráðgjöf um málefni markhóps skólans.

Skólinn er til húsa í fjórum af húsum Skjaldarvíkur. Í einu þeirra, Skildi, eru tveir miðhópar nemenda ásamt fjölskylduráðgjafa, matráði og uppeldisfulltrúa. Í öðru, Vík, eru yngstu og elstu nemendurnir ásamt fjölskylduráðgjafa, uppeldisfulltrúa og skólastjóra. Í því þriðja er aðstaða fyrir fjölbreyttar hand- og verkmenntir og í því fjórða er frístundaráymi þar sem nemendur geta skemmt sér í frímínútum og spilað borðtennis, fótboltaspil og gripið í hljóðfæri. Aðstaða er um flest ágæt.

¹ PMT stendur fyrir *Parent Management Training* og er meðferðarúrræði fyrir foreldra barna með hegðunarefniðleika. Sjá t.d. Margréti Sigmarsdóttur (2002).

² Sjá um ART á heimasíðu verkefnisins á Suðurlandi: <http://www.isart.is>.

Starfsmenn hafa að undanfögnu unnið að því að móta skólanum umhverfisstefnu og er mikil áhersla lögð á umhverfismennt og útinám. Í upphafi og lok hvers skólaárs eru úti-dagar og þá fer kennslan að mestu fram utandyra og nánasta umhverfi skólans nýtt eins og kostur er.

Hlíðarskóli verður þrjátíu ára næsta haust en hann var stofnaður á Akureyri árið 1982 og hét þá Bröttuhlíðarskóli. Í kjölfar nýrra laga um grunnskóla 1996 urðu miklar umræður í bænum um hvernig efla mætti sérfræðipjónustu, m.a. með aukinni fjölskylduráðgjöf. Niðurstaðan var að stefna að nýju sérúrræði á grundvelli starfsins í Bröttuhlíðarskóla og tók Hlíðarskóli til starfa í Varpholti í Hörgárbyggð haustið 2001 en var síðar fluttur í Skjaldarvík. Um skólann má fræðast nánar á heimasíðu hans sem er á vefslóðinni <http://www.hlidarskoli.akureyri.is/.is>.

Á síðasta skólaári var ákveðið að ráðast í umfangsmiklar breytingar á skólastarfinu. Hafa þær beinst að því að stórauka val í náminu og bjóða nemendum fjölbreytt og áhugaverð viðfangsefni sem höfða til sem flestra hæfnisviða. Meginmarkmiðið var að ná að vinna betur með sjálfstraust nemenda og að sjálfsmynd þeirra yrði jákvæðari. Neikvæð sjálfsmynd og mjög lítið sjálfstraust er eitt meginmerkni nemenda skólans og er hefðbundið bóklegt nám þeim oft mjög erfitt. Reynslan af þessum kennsluháttum er góð; svo góð að ástæða þótti til að miðla henni til annarra og því var ráðist í að skrifa þessa grein. Ritun greinarinnar höguðu höfundar þannig að fyrstu höfundar (BV og RH) lögðu til drög að öllu efni en þriðji höfundur (IS) vann úr þeim. Texti með *skáletri* er tekinn orðréttur úr þeim gögnum sem fyrstu höfundar lögðu til.

Hlíðarskóli er sérúrræði þó að forðast sé að kalla hann sérskóla. Greinarhöfundar aðhyllast hugmyndafræðina um skóla án aðgreiningar og telja brýnt að öll börn eigi þess kost að stunda skyldunám sitt í heimaskóla. Hugsanlega eru þeir kennsluhættir sem starfsfólk skólans hefur verið að þróa að undanfögnu einn af þeim lykllum sem smíða þarf til að opna dyr skóla sem henta öllum börnum.

Þróunarverkefni fer af stað

Á starfsmannafundum að áliðnum vetri 2011 viðraði skólastjóri við starfsfólk að sér myndist að nýbreytni væri þörf í skólastarfinu. Hún hvatti alla starfsmenn til að hugsa málið og setja fram tillögur sem til framfara og þróunar mættu teljast. Slík umræða hafði vissulega verið tekin áður

... en í raun kafnað í orðskrúði og merkingarlausum rökræðum þar sem hugur fylgdi ekki máli. Starfið gekk um margt vel en lítil þróun orðið; sama stunda-skráin ár eftir ár og allir í sömu stofu og árið áður, hver í sínum helli, eða það fannst okkur!

Fljótt komu fram hugmyndir um að ef ráðist yrði í breytingar þyrftu þær að skipta máli. Þetta var orðað með þeim hætti að mál væri komið *til að taka flugið*.

Starfsfólkið hafði haft kynni af Framhaldsskólanum á Laugum í Reykjadal og hrifist af starfinu þar.³ Rætt var hvort til greina kæmi að innleiða þeirra vinnubrögð í grunnskóla, en kennsluhættir að Laugum byggjast á því að nemendur velja sér áfanga og ráða nokkru um hraða námsins í samráði við umsjónarkennara. Starfsfólkið heimsótti Laugar vorið 2011 og til að gera langa sögu stutta kviknaði mikill áhugi á að ráðast í hliðstætt þróunarstarf. Þegar á reyndi tók hugmyndin á sig nokkuð aðra mynd. Vikuna eftir heimsóknina var ákveðið að gera tilraun:

³ Um starfið á Laugum má m.a. fræðast í grein sem fjórir starfsmenn skólans skrifa í samvinnu við einn greinarhöfund og birtist í *Netlu* haustið 2008, sjá [hér](#).

Við bjuggum til nýja stundaskrá og hver kennari kom með tillögur að því hvað hann vildi kenna og var auðvitað óöryggi í okkur um hvað við værum að stökkva út í því þetta var auðvitað lítt undirbúið ... Sumir starfsmenn, þar á meðal skólastjóri voru drifandi og öttu mönnum áfram. Og strax fundum við að krökkunum fannst þetta spennandi og það var auðvitað startið sem við þurftum til að trúa því að þetta gæti gengið. Því er hinsvegar ekki að neita að margir sem maður ræddi þetta við utan skólans fannst við vera algalin að láta okkur detta þetta í hug ...

Vikan gekk í heild vel þó vissulega hafi komið í ljós atriði sem ekki reyndust framkvæmanleg. Mestu skipti að þessi reynsla kveikti enn meiri áhuga og hún varð til þess að starfsfólkið gat hugsað um nýjar áherslur um sumarið og undirbúið sig fyrir haustið.

Sumarið var m.a. notað til að huga að breyttri stundatöflu en hún reyndist flókið verkefni. Starfsmenn eru fáir og hliðrunarmöguleikar því litlir. Þetta tókst engu að síður og var ný tafla tilbúin þegar kennarar mættu til starfa. Á starfsdögum voru málin rædd og allar hugmyndir skoðaðar og fundinn flötur til að byrja á.

Til að leggja áherslu á breytingastarfið ákvað skólastjóri að breyta öllu skipulagi innanhúss. Enginn fékk sömu stofu og áður, hvorki kennarar né fjölskylduráðgjafar. Segja má að:

... allir hafi verið dregnir út úr helli sínum! Nú stóðu allir úti í dagsbirtunni frammi fyrir nýjum tímum ... það var eðlilega mismikil ánægja með þetta í byrjun en skipti örugglega miklu máli til að undirstrika að nú skyldi stokkað upp, ný vinnubrögð og ný hugsun var komin til að vera með virkri þátttöku allra starfsmanna.

Áskorunin á bak við þessar breytingar fólst í því að koma betur til móts við nemendahópin um leið og keppt var að því að nýta styrkleika starfsfólksins betur þannig að hver og einn fyndi að hann skipti máli í skólasamfélaginu.

*Skapaðist fljótt samhugur um þetta meðal starfsmanna, bæði kennara og annars starfsfólks sem er algjör nauðsyn því svona breytingar verða ekki gerðar nema **allir starfsmenn** komi þar að.*

*... þróunarverkefnið var m.a. hugsað til þess að skapa nemendum **sveigjanlegra námsumhverfi** ... og vinna enn markvissar að því að hjálpa hverjum og einum að sýna styrkleika sinn og efla þannig sjálfsmýnd og stuðla að jákvæðara sjálfsmati. Við vildum líka efla trú þeirra á sjálfum sér og hæfileikum sínum með því að gefa þeim aukið val í náminu og auka ábyrgð á eigin framförum og gefa þeim tækifæri að hafa áhrif, velja sér viðfangsefni sem þeir hafa áhuga á og ráða við. Þannig aukum við möguleika þeirra til að geta gefið öðrum með sér, deila gleði sinni með öðrum og finna að þeir eru gildir og góðir einstaklingar í sínum hópi. Vonin er sú að nemendur sem upplifa árangur sjái annað námsefni í nýju ljósi og séu þar með tilbúnari að takast á við það.*

Markmiðið var ekki síst að auka ábyrgð nemenda á eigin námi og gera þeim kleift að fara hægar eða hraðar yfir námsefnið eftir námsgetu og þroska hvers og eins. Þess var einnig vænst að með þessu fyndu þau betur styrk sinn. Sérstakt keppikefli var að bæta líðan nemenda og að skólinn yrði sem líkastur góðum vinnustað með hýleika góðs heimilis. Markmiðið er að þróa námsumhverfi sem undirbúi nemendur enn betur undir þátttöku í lífsins ólgusjó.

Verkefninu voru í upphafi sett eftirfarandi markmið:

- Allur skólinn fylgi fyrirkomulagi sveigjanlegs námsumhverfis.
- Nemendur stundi nám samkvæmt persónubundinni námsáætlun.
- Bæta virkni, námsárangur og ástundun.
- Auka áræði og þrautseigju nemandans með öðruvísi og fjölbreyttara námsvali.
- Bæta líðan nemenda í skólanum, auka starfsgleði og efla jákvæða sjálfsmynd og að nemandinn átti sig á eigin ábyrgð og áhrifum í daglegu námi.

Vissulega voru sumir hikandi í upphafi:

Það verður að segjast eins og er að auðvitað vorum við smeyk við svona stórar breytingar og hvort við værum að feta okkur til réttar áttar en fljótt komumst við að því að þetta væri eitthvað sem ætti erindi til okkar nemenda.

Við verkefnið naut starfshópurinn leiðsagnar tveggja starfsmanna frá Framhaldsskólanum á Laugum, þeirra Arnórs Benónýssonar deildarstjóra og Halls Birkis Reynissonar áfangastjóra. Þeir hafa heimsótt skólann, rætt við starfsmenn og nemendur og leiðbeint hópnum og aðstoðað við mat á verkefninu.

Breytingunum hrint í framkvæmd

Segja má að skólaárið 2011–2012 hafi byrjað á algjörlega nýjum forsendum. Kjarninn í breytingunum fólst í að fækka venjulegum kennslustundum og stytta þær, en bjóða nemendum þess í stað að sækja svokallaðar *valgreinastofur* þar sem kennarar væru í leiðsagnarhlutverki. Tveir val tímar eru á hverjum degi, 40 til 50 mínútur hvor.

Á miðvikudögum koma kennarar til áfangastjóra og gera honum grein fyrir hvað þeir hafa hug á að kenna í val tímum í næstu viku, hverjir kenni saman og hvar sé kennt. Allar vikur eru stærðfræði, enska og íslenska í boði í einhverri mynd en að öðru leyti koma nýjar greinar inn í hverri viku. Auðvitað er þetta val stýrt að nokkru leyti. Tekin eru út viðfangsefni sem starfsfólk telur að séu ekki að skila nægilega miklu og sett inn önnur sem því finnst að allir verði að fást við. Nemendur koma stundum með tillögur að viðfangsefnum og þá er sest yfir að skoða þær og reynt að finna flöt á að koma þeim að. Takist það eru þau boðin fram.

Hér má sjá lista yfir helstu valgreinar sem í boði voru skólaárið 2011–2012 (mars):

- | | | |
|--|--------------------------------------|--|
| • Íslenska | • Rennismíði | • Útsaumur |
| • Enska | • Rapp og rím | • Snjóbrettasmíði |
| • Stærðfræði | • Vísindapælingar | • Vistfræði fiska |
| • Tálgun – litlir listmunir | • Tröppuprek | • Grafitti, málshættir |
| • Áttaviti, kaðlar og hnútar | • Álfar og huldufólk | • Skrímslasögur |
| • Þrek og þol (útileikfimi) | • Plasmódel | • Splæs og pelastikk |
| • Leirlist | • Járnsmíði | • Stressfroskur |
| • Gítargutl (grip og textar) | • Línstrokur | • Servíéttubrot |
| • Að sjá um sig sjálf(ur) | • Íslenskar hrakningasögur | • Sjálfrennreiðarsmíði (kassabíll) |
| • Þrjón (byrjendaverkefni) | • Ljóðagerð | • English teaparty |
| • Borðtennis og billjardkennsla | • Mósaík | • Saga Mið-Ameríku |
| • Rafsuða (skúlptúrar úr brotajárni) | • Umbúðir (Hvað þýða merkingar?) | • Arabíska vorið 2011 |
| • Grafísk hönnun (veggspjöld og bæklingar) | • Smákökubakstur | • Jöklar á Íslandi |
| • Veðurstöð (uppsetning og eftirlit) | • Gluggafilmur | • Eldgos á Íslandi |
| • Myndskreytingar, sögur og ljóð | • Fjaran skoðuð | • Vistfræði hafsins |
| • Hekl | • Veggspjöld | • Myndasögugerð |
| • Reimleikar (að reima skó og hnýta slaufur) | • Fjöltæknivinna | • Fiskveiðar við Ísland |
| • Íslenskar draugasögur | • Hringasmíði | • Að leggja á veisluborð |
| • Eðlisfræðitilraunir | • Puðagerð | • Veiðarfæri í sjó |
| | • Klippimyndir | • Upplestrartækni (ljóð, sögur og leikrit) |
| | • Leiklist | • Fiskverkun á Íslandi |
| | • Fjöltækni, sníða úr taui | • Að búa til flottan morgunverð |
| | • Skartgripagerð eftir óskum nemenda | |

Til frekari skýringar má nefna að *Vísindapælingar* eru byggðar á efni af *Vísindavef Háskóla Íslands* (<http://www.visindavefur.is>). *Tröppuprekið* byggðist á tímamælingum á kirkjutröppunum við Akureyrarkirkju en þær eru á annað hundrað. Í viðfangsefninu *Umbúðir* var skoðað hvað merkingar á umbúðum þýða. Í *Hringasmíði* var smíðað úr beinum, horni og tré. Í *Leiklist* var æft og flutt leikrit og í *Fjöltækni* var sniðið úr taui. Í *Stressfroskur* er saumaður froskur með grjónaþyllingu. Þegar haldið er *English teaparty* er te að sjálf-sögðu í boði og aðeins töluð enska. *Flottur morgunverður* samanstendur af steiktum eggjum, fleski og pönnukökum.



Mynd 1 – Skorið út í gluggafilmur.

Eins og sjá má voru fjölbreytt viðfangsefni í boði, bæði bókleg og verkleg. Mörg þeirra ganga þvert á námsgreinar og samþætta þær.

Það reynir auðvitað mjög mikið á starfsmenn að vera með svona mikla fjölbreytni en við förum þannig að þessu að rabba saman á miðvikudagsfundum um hvað eigi að bjóða í næstu viku og þá er þetta spurningin um hugmyndaflug hvers og eins starfsmanns og svo þarf áfangastjórinn að koma með hugmyndir og þá er kannski bara sagt: Getur þú ekki verið með þetta? ... Í svona vinnu endist bara starfsfólk sem hefur hugsjónir og er dellufólk, fólk sem alltaf er á tánnum eins og sagt er og er fljótt til verka, hangs gengur ekki í svona skóla. Þess verður líka að geta að það koma allir starfsmenn að verki í val tímum og allir koma með hugmyndir ...

Á hverjum föstudagsmorgni fá nemendur valblað (sjá *Mynd 2*) þar sem boðið er upp á fjóra til sex valmöguleika í mismunandi námsgreinum tvisvar á dag:



Nafn: _____

Bekkur: _____

Vinnustofuval fyrir vikuna 5.-9. mars 2012

Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
<input type="checkbox"/> Mósalktré <input type="checkbox"/> Stærðfræði <input type="checkbox"/> Visindapælingar <input type="checkbox"/> Fjöltækni <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/> Stærðfræði <input type="checkbox"/> Myndasaga <input type="checkbox"/> Servlettubrot (4) <input type="checkbox"/> Skartgripasmiði <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/> Útsaumur <input type="checkbox"/> Fjöltækni <input type="checkbox"/> Snittugerð (4) <input type="checkbox"/> Graffiti málsættir <input type="checkbox"/> Bakstur matarbrauð <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/> Vöflubakstur (3) <input type="checkbox"/> Mósalktré <input type="checkbox"/> Snittugerð (6) <input type="checkbox"/> Skartgripagerð <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>	<p>Valið fyrir næstu viku og farið yfir liðna viku</p>
<input type="checkbox"/> Hekl <input type="checkbox"/> Armbönd - List <input type="checkbox"/> Graffiti málsættir <input type="checkbox"/> Sjálfrennreið (3) <input type="checkbox"/> Vistfræði hafsins <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>	<p>Íþróttir</p>	<input type="checkbox"/> Stærðfræði <input type="checkbox"/> Veigarfærni í sjó <input type="checkbox"/> Fjöltækni <input type="checkbox"/> Sjálfrennreið (3) <input type="checkbox"/> Draugasögur <input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/> Stærðfræði <input type="checkbox"/> Upplestrartækni <input type="checkbox"/> Fiskverkun á Íslandi <input type="checkbox"/> Saga Mið-Ameríku <input type="checkbox"/> English Teaparty <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>	

Mynd 2 – Dæmi um valblað. Nemendur merkja við þau viðfangsefni sem þeir kjósa að fást við í næstu viku.

Nemendur skila valblaði sínu til umsjónarkennara og á mánudagsmorgni bíður þeirra og kennaranna ný stundaskrá.

Þannig ráða nemendur á hverjum tíma hvaða viðfangsefni þeir kjósa að fást við og nemendahópurinn allur blandast í námi tvisvar á dag. Kennarar hafa jafnframt möguleika á að sinna einstökum nemendum eða hópum eftir því sem á þarf að halda. Þarna eru því að vinna saman nemendur úr öllum árgöngum sem hafa valið sömu grein og hjálpa þá eldri nemendur iðulega þeim yngri sem má fullyrða að sé báðum til góðs í þroska og námi.

HLÍÐAR skóli

Vaktir kennara á valtímum vikuna 5-9. mars 2012

	Mánudaga	Þriðjudaga	Miðvikudaga	Fimmtudaga	Föstudaga
09.55 10.40	SOFFÍA Fjöltækni skemma Ómar Davíð ERLA Stærðfræði Gísli Guðsteinn Baldvin Jens Natan Malik ÓLI Mósaiktré Vilhjálm REYNIR Visindapælingar Þór Ámi Mikki Ingvar Bjössí Sigfús Lovisa Birgir	SIGGI Skartgripagerð Þór Ómar Ingvar Bjössí Vilhjálm Sigfús Guðsteinn ERLA Stærðfræði Gísli Baldvin Natan Malik ÓLI Myndasaga Ámi Mikki REYNIR Serviettubrot Lovisa Birgir Jens Davíð	ERLA Útsaumur Ingvar Jens Malik ÓLI Fjöltækni skemma Ómar Vilhjálmm Sigfús SOFFÍA Snittugerð Bjössí Lovisa Guðsteinn Natan SIGGI Graffiti málhættir Þór Ámi Mikki Gísli REYNIR Arabíska vorið Birgir Baldvin Davíð	ERLA Vöflubakstur Lovisa Guðsteinn Alexander ÓLI Mósaiktré Baldvin Natan SOFFÍA Enska Ámi Jens Mikki Reynir Egg og beikon Þór Ingvar Birgir Davíð Malik SIGGI Skartgripagerð Ómar Gísli Bjössí Vilhjálmm Sigfús	Erla <i>Kennslustofa</i> Jón <i>Kennslustofa</i> Reynir <i>Kennslustofa</i> Soffía <i>Kennslustofa</i>

Mynd 3 – Dæmi um stundaskrá fyrir valtíma (morguntímar eina viku).



Mynd 4 – „Alvöru“ eldgos (efnafræðitilraun).

Á hverjum föstudegi fá nemendur eyðublað þar sem þeir skrá valgreinar sínar í vikunni og leggja að auki mat á þær (sjá *Mynd 5*). Því má segja að vikulega sé metið hvernig miðar.



Val mitt í _____ mánuði

Nafn: _____

<i>Valgrein f.h.</i>	Hvernig var tíminn ?			<i>Valgrein e.h.</i>	Hvernig var tíminn?		
	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
1.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
2.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
3.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
4.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
5.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
6.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
7.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
8.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
9.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
10.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
11.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
12.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
13.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
14.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
15.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
16.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
17.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
18.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
19.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
20.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
21.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
22.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
23.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
24.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
25.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
26.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
27.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
28.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
29.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
30.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
31.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>

Mynd 5 – Eyðublað fyrir mat nemenda á val tímum.

Annað starf

Áður en vikið er að mati á þessu þróunarverkefni er vert að nefna að auk val tímannanna er margvíslegt annað uppbot á skólalastarfinu.

Sem dæmi má nefna að dýrahald hefur reynst vel sem hluti af starfsemi skólans. Nokkrar hænur eru í eigu skólans og skiptast nemendur á um að hugsa um þær. Sá sem sér um þær hverju sinni fær að eiga eggin og eldar úr þeim heima eða í skólanum. Starfsmenn taka hunda sína gjarnan með í skólann og haldnir hafa verið þemadagar helgaðir hestum. Einn kennaranna er mikill hestamaður og hefur hann lánað skólanum hesta sína. Á hestadögum snýst allur lærdómur um hestinn; þjóðsögur, sögur, ljóð, lög og söngva um hestinn, málshætti og orðtök. Í þessari viku er hrossakjöt á borðum í mötuneyti skólans.

Dýr eru eitt frábærasta kennslutæki sem til er því börnin sjálf yfirfæra hlýðni, aga og hegðun dýranna yfir á sig. Hver vill eiga hund sem skítur á gólfu? Hver vill eiga kött sem tollir ekki heima? ... Síðir og reglur eru nauðsynlegar til að skapa öryggi og vellíðan.

Þá má nefna að farið hefur verið í rekaviðarfjöru til að safna efni til að smíða úr. Nemendur smíðuðu m.a. stóra útitaflmenn úr efni sem sótt var austur í Kelduhverfi og efni í rekaviðarskúlpúta var sótt á Reykjaströnd á Skaga (þar sem Grettir Ásmundarson kom að landi eftir Drangeyjarsund).

Einnig má nefna umfangsmikið verkefni um Reynisstaðabræður. Í tengslum við það var gengin slóð þeirra í gegnum Kjalhraun að Hveravöllum og norður Auðkúluheiði. Einnig hafa verið farnar ferðir í tengslum við kennslu í landafræði:

Í þessum ferðum er ekki síst verið að hugsa um að brjóta allt munstur sem krakkarnir lifa við og koma með eitthvað sem er verulega ögrandi, þarna er ekki hægt að flýja heim eða hringja heim þótt eitthvað bjáti á.


Loks er að nefna að einn af kennurum skólans er mikill áhugamaður um fugla og er fuglaskoðun því oft á dagskrá.



Mynd 6 – Ritgerðarskrif í vorsólinni.

Mat á starfinu

Ýmsar leiðir hafa verið farnar við mat á því hvernig til hefur tekist. Fyrst ber að nefna könnun meðal nemenda fyrsta föstudag í hverjum mánuði þar sem m.a. er aflað upplýsinga um líðan þeirra, virkni og ástundun. Niðurstöður hafa verið mjög jákvæðar. Dæmi má sjá á *Mynd 7*.



Mynd 7 – Svör nemenda um líðan þeirra í skólanum í janúar 2012.

Eins og fram kemur hér að framan meta nemendur val tímanna sína í hverri viku. *Tafla 1* sýnir viðhorf þeirra til val tíma í apríl 2012.

Tafla 1 – Mat nemenda í Hlíðarskóla á val tímum í apríl 2012				
	Yngsta deild	Miðeild	Næst elsta deild	Elsta deild
Góður tími	108	121	131	82
Allt í lagi	14	9	15	6
Ekki góður	0	0	0	0

Þetta hljóta að teljast afar jákvæðar niðurstöður. Enginn val tími er talinn slæmur en yfirgnæfandi meirihluti góður. Raunar hafa kannanir sýnt vaxandi ánægju nemenda með námið. Þeim líður vel í val tímum sem skilar sér einnig í jákvæðari viðhorfum til annarra viðfangsefna og til skólans. Mætingar hafa einnig batnað og eru dæmi um að nemendur hafi komið veikir í skólann vegna þess að þeir vildu ekki missa af val tíma! Áhuginn er oft svo mikill að nemendur biðja um að fá að halda áfram og vinna inn í frímínútur.

Óformlegar kannanir meðal foreldra (fórráðamanna) barnanna leiða einnig í ljós jákvæð viðhorf. Foreldrar sem átta börn í skólanum á síðasta ári segja í viðtölum við fjölskylduráðgjafa að börnin séu ánægð og glöð og finna jákvæðan mun á viðhorfum og líðan barnanna eftir breytingarnar. Á fundi með skólastjóra og fjölskylduráðgjöfum á haustönn voru foreldrar spurðir um áhrif val tíma. Sem jákvæð atriði nefndu foreldrarnir m.a.:

- Áhugi og ánægja hjá krökkunum
- Eflir sjálfstraust að fá að ráða smá
- Í fyrsta skipti sem börnin hlakka til að fara í skólann
- Þau fá að fylgja eftir sínum ákvörðunum
- Átta sig betur á eigin ábyrgð
- Vilja ekki missa af tímum

Þegar foreldrar voru spurðir um neikvæða þætti nefndu þeir að val tímarnir tækju tíma frá bóklegum greinum og að nemendunum gæti reynst erfitt að fara aftur í skóla þar sem starfshættir væru með öðru sniði.

Loks hafa viðhorf starfsmanna verið könnuð. Í mars 2012 var spurningalisti lagður fyrir þá þar sem m.a. var spurt um vinnuálag, starfsgleði nemenda, virkni þeirra og ábyrgð. Þá var spurt um viðhorf starfsmannanna til breytinganna.



**Mynd 8 – Niðurstöður viðhorfakönnunar meðal starfsfólks.
Rauði liturinn táknar *Já* og sá guli *Nei*.**

Eins og sjá má eru þessar niðurstöður í heild mjög jákvæðar. Mat starfsfólksins er að verkefnið hafi haft mjög jákvæð áhrif á vellíðan, virkni og ábyrgð nemenda. Enginn starfsmanna vill hverfa aftur til fyrr starfshátta.

Ekki þarf að undrast að breytingarnar hafi ekki leitt til aukins samstarfs við foreldra þar sem á það hefur alltaf verið lögð mikil áhersla.

Hvar stöndum við og hvert stefnum við?

Því má halda fram að verkefnið hafi í raun farið fram úr vonum starfsfólks – raunar langt fram úr þeim björtustu. Niðurstöður allra kannana sem gerðar hafa verið eru jákvæðar.

Flestir starfsmenn telja að verkefnið hafi aukið starfsánægju og að starfið sé fjölbreyttara en áður. Þeir eru á hinn bóginn þeirrar skoðunar að starfið sé að mörgu leyti erfiðara, fagleg áskorun sé meiri sem krefst þess að *allir séu á tánum*.

Spyrja má hvernig viðfangsefni nemenda í valtímum komi heim og saman við gildandi aðalnámskrá. Ekki verður annað séð en að flest viðfangsefnanna falli vel að námskrá. Í nýrri námskrá er í raun lögð aukin áhersla á samþættingu námsgreina en þar segir m.a.:

Í samfélaginu eru verkefni yfirleitt ekki sundurgreind og einangruð heldur samofin mörgum þáttum. Þetta er mikilvægt að hafa í huga við skipulag skólstarfs. Því ætti að vera áhersla á samþættingu námsgreina þar sem horft er til verkefna sem hafa snertifleti við margar námsgreinar. Þannig má nálgast það markmið að gera námið merkingarbærara fyrir nemendur, skýra fyrir þeim samhengi fræðigreina og nauðsyn þess að hafa innsýn í heim þeirra (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011, bls. 49).

Þessi ákvæði eru í fullu samræmi við megináherslur Hlíðarskóla, ekki síst að gera námið merkingarbærara.

Ekki sýnist vandkvæðum bundið að leita uppi námskenningar til að styðja þessa nálgun. Mætti vísa til fjölgreindakenninga, hugsmíðihyggu, einstaklingsmiðaðs náms eða virkra kennsluhátta. Um þetta mætti hafa langt mál þar sem allt bæri að sama brunn!

Með hliðsjón af þessu er starfshópurinn staðráðinn í því að halda þróunarstarfinu áfram og leita leiða til að treysta það enn betur.

Skólaþróun snýst ekki hvað síst um að nota þann mannauð sem hver stofnun hefur yfir að ráða og virkja hann; skapa ráðrúm til að þróa öflugt starf sem öðru fremur er sameign starfsmanna; *vandamálin eru til að leysa þau – ekki til að láta þau stoppa sig á leiðinni til frekari þroska og starfsánægju.*

Starfsfólk Hlíðarskóla álitur mikilvægt að byggja á samvinnu, að fá fólk með í vinnuna af áhuga og byggja upp öryggi í starfsmannahópnum. Í skólaþróunarstarfi þarf að leggja allt kapp á að bæta nám nemenda og auka virkni og vellíðan þeirra. Breytingar á skólstarfi standa því og falla með starfsfólki skólans.

Með breytingum hugsar fólk upp á nýtt og byggir ofan á gamlan grunn. Oftast nýtur fólk spennunnar og gleðinnar sem fylgir breytingum. Hópur fólks leitar saman nýrra leiða af ákefð, von og bjartsýni sem gefur starfi þess gleði og fyllingu.

Heimildir

Ingvar Sigurgeirsson, Arnór Benónýsson, Hallur Birkir Reynisson, Jóhanna Eydís Þórarinsdóttir og Valgerður Gunnarsdóttir. (2008). „Það kemur ekki til greina að fara til baka“: Sveigjanlegt námsumhverfi í Framhaldsskólanum á Laugum. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun* (grein birt 20. september). Sótt á þessa slóð: <http://netla.hi.is/greinar/2008/003/index.htm>

Margrét Sigmarsdóttir. (2002). PMT meðferð fyrir foreldra barna með hegðunarerfiðleika. *Glæður, tímarit íslenskra sérkennara*, 12(2), 18–23.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2011). *Aðalnámskrá grunnskóla. Almennur hluti*. Reykjavík: Höfundur.



Bryndís Valgarðsdóttir, Reynir Hjartarson og Ingvar Sigurgeirsson. (2012). Að taka flugið: Þróunarstarf í Hlíðarskóla á Akureyri *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*. Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Sótt af <http://netla.hi.is/greinar/2012/alm/005.pdf>